

„LEYFUM BÖRNUNUM AÐ BLÓMSTRA ÞAR SEM ÞAU HAFU STYRKLEIKANA“. REYNSLA FORELDRA AF STUÐNINGI VIÐ BÖRN MEÐ NÁMSERFIÐLEIKA

Hér er sagt frá niðurstöðum rannsóknar á upplifun og reynslu foreldra barna sem stríða við námserfiðleika í grunnskólum og hafa verið greind með ADHD, einhverfu, almenna og sértæka námserfiðleika, tilfinninga- og félagslega erfiðleika og turette-heilkenni. Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem snýst um stuðning við grunnskólanemendur með námserfiðleika. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var að kanna reynslu foreldra af þeim stuðningi sem börnum þeirra stendur til boða innan skóla. Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er upplifun og reynsla foreldra barna með námserfiðleika af stuðningi innan grunnskóla? Tekin voru fimm rýnihópaviðtöl við foreldra. Alls tóku 22 foreldrar þátt. Niðurstöður sýna ánægju foreldra með ýmsa þætti í skólasterfinu, svo sem einstaklingsnámskrá, námsver og hvernig unnið var með aðlögun náms til að mæta þörfum barnanna. Foreldrar voru aftur á móti ekki eins ánægðir með samskiptin milli skóla og heimilis, álag vegna heimanáms og framboð á námsefni fyrir börnin. Heildarniðurstöður sýna að foreldrar kalla eftir bættum samskiptum milli skóla og heimila, auknum stuðningi fyrir börnin og breyttum áherslum í námi.

Efnisorð: námserfiðleikar barna, skóli án aðgreiningar, stuðningur, samstarf heimila og skóla

INNGANGUR

Farsæl skólaganga getur skipt sköpum fyrir framtíð barna. Ábyrgð skóla er því mikil, ekki síst við að styðja þau börn sem eiga í hvað mestum erfiðleikum. Í grunnskólalögum frá árinu 2008 voru með innleiðingu stefnunnar um skóla án aðgreiningar stigin mikilvæg skref til að tryggja velferð barna. Það má meðal annars sjá í 17. grein laganna (nr. 91/2008) þar sem fram kemur að nemendur með sérþarfir eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar og án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Í lögnum kemur jafnframt fram að skólinn eigi, í samvinnu við foreldra, að

stuðla að alhliða þroska allra nemenda og undirbúa þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þá segir í lögnum að grunnskólanum beri að stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Af þessum ákvæðum má sjá að áhersla er lögð á ábyrgð foreldra og litið svo á að þeir séu virkir þátttakendur í innleiðingu og framkvæmd skólustefnunnar, í nánú samstarfi við aðila innan skólasamfélagsins. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) er einnig fjallað um hlutverk foreldra og kemur þar fram að velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji skólagöngu barna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna. Gagnkvæm upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu sé mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Þá segir enn fremur að skólar beri ábyrgð á að koma á slíku samstarfi og að viðhalda því alla skólögöngu barnsins.

Í úttekt á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2017 á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar kemur meðal annars fram að núverandi löggjöf og stefnumótun fræðslufirvalda feli í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar. Auk þess er þar sagt mikilvægt að samstaða ríki um þessi markmið og áherslur á meðal þeirra sem sinna menntamálum á öllum stigum skólakerfisins, en þörf sé skýrari leiðsagnar um það hvernig standa skuli að framkvæmd stefnunnar. Í úttektinni kemur auk þess fram að starfsfólk skóla telur að misræmi sé milli þess skilnings sem foreldrar, kennarar og skólustjórnendur leggja í hugtakið „menntun án aðgreiningar“ og markmiðanna sem liggja til grundvallar stefnunni. Enn fremur telja margir að stefnan um skóla án aðgreiningar sé nú til umræðu á öðrum nótum en áður var, en kennsluhættir hafi ekki breyst. Þá kemur fram að bæði foreldrar og starfsfólk skóla telja að mikið gagn sé að nánú samstarfi heimila og skóla.

FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Hér verður byrjað á því að fjalla um stöðu og framtíðarhorfur nemenda með námserfiðleika. Því næst er fjallað um samstarf heimila og skóla og niðurstöðum íslenskra og erlendra rannsóknna á því sviði er lýst.

Staða og framtíðarhorfur nemenda með námserfiðleika

Grunnskólaárin eru aldurskeið mikilla þroskabreytinga og kröfur skóla, fjölskyldna og þjóðfélags um aðlögunarhæfni og framfarir eru töluverðar. Ekki eru allir jafnfærir um að standast þessar kröfur og ná þeim árangri sem til er ætlast án erfiðleika. Nemendur sem glíma við námserfiðleika hafa löngum verið jaðarsettur hópur. Skólaganga barna með sérþarfir var lengst af samofin ýmsum samfélagsstofnunum sem ekki voru beinlínis skólastofnanir, og flokkun frávíka hefur tekið breytingum í áronna rás, eins og fram kemur hjá Jóni Torfa Jónassyni (2008). Hann segir að í raun hafi það alla tíð verið veikleiki í pólitískri og faglegru umræðu og úrlausnum í þessum málaflökki að menn hafa reynt að líta á þau börn sem þurfa sérstaka aðstoð sem samstæðan hóp. Merki þess megi sjá í mismunandi hugtökum sem notuð hafa verið um þessi börn. Í því sambandi nefnir Jón Torfi (2008) að á árunum frá um 1950 til 1970 hafi verið talað um *afbrigðileg börn*, frá 1970 til 2000 um

börn sem þurfa sérkennslu af einhverju tagi en frá árinu 2000 hafi hugtakið *börn með sérþarfir* verið notað.

Í áðurnefndri úttekt frá árinu 2017 um framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar kemur fram að 17% grunnskólanema hafa sérþarfir í námi. Formleg greining sérþarfa í námi er tvöfalt algengari hjá drengjum (11%) en hjá stúlkum (5,5%). Um 31% grunnskólanema fær nú stuðningskennslu af einhverju tagi um lengri eða skemmri tíma og stuðningur við nemanda með sérþarfir ræðst venjulega af ákvörðun hjá skólaþjónustu sveitarfélagsins (Hagstofa Íslands, e.d.; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017). Einnig kemur fram í úttektinni að greiningarkerfið sem notað er virðist ekki nýtast öllum börnum. Margir í skólasamfélaginu, þó einkum foreldrar, telja núverandi kerfi ekki gagnast nægilega vel. Greiningarkerfið sem slíkt er sagt valda vandkvæðum og ójöfnuði þar sem oft sé löng bið eftir tilvísunum og hvers konar úrræðum sem geti mætt þörfum barnsins. Gagnrýnt er hvað greiningarferlið taki langan tíma. Börnin bíði á löngum biðlistum með þeim afleiðingum að ekki reynist unnt að mæta námslegum þörfum þeirra tímanlega. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna, sem benda til þess að skólar séu almennt illa í stakk búnir að mæta þörfum nemenda með náms- og sálfélagslega erfiðleika, og af þeim rannsóknum er ljóst að biðlistar eftir sérhæfðum úrræðum hafa lengst (Ríkisendurskoðun, 2016; Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019). Börnin sem hér um ræðir eiga oft við fjölþættan vanda að glíma og þurfa samþætta námslega og sálfélagslega þjónustu. Slík staða kallar á að námsframvindu þeirra sé fylgt eftir og þannig dregið úr líkum á brotthvarfi úr námi um leið og gætt er að framtíðarstöðu þeirra á vinnumarkaði (Tomlinson, 2012).

Börn og ungmenni sem hverfa frá námi standa verr að vígi á vinnumarkaði en jafnaldrarnir sem ljúka námi, og hætta er á að þau verði út undan í samfélagi sem byggist á tækniþekkingu, tungumálakunnáttu og þjálfuðum vinnubrögðum við að setja sig inn í ný og framandi verkefni (Stefán Ólafsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Sá hópur nemenda sem hverfur frá námi hefur verið skilgreindur sem þeir sem ekki fara í nám að loknum grunnskóla eða hætta í framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Rannsóknir sýna að ein helsta skýringin á brotthvarfi úr framhaldsskóla er slök námsstaða og bág sálfélagsleg líðan við upphaf náms í framhaldsskóla (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Sigrún Harðardóttir, 2015). Þeir sem hverfa frá námi geta staðið frammi fyrir skertum lífsgæðum, sálfélagslegum erfiðleikum og hættu á að þurfa mikla þjónustu frá velferðarkerfinu (Bellis o.fl., 2018; Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfsdóttir, 2015; Guðný Bergþóra Tryggvadóttir o.fl., 2016; Sigrún Harðardóttir og Þorlákur Helgi Helgason, 2019). Viðbrögð samfélags og stjórnvalda við brotthvarfi úr námi má ekki síður skilgreina sem siðferðilegt réttlætismál þar sem það sprettur af félagslegri mismunun. Að mati Ólafs Páls Jónssonar (2014) getur félagslegt ranglæti birst í stofnunum á borð við skóla. Hann bendir á að ætli skóli að rísa undir því að vera grunnstofnun í réttlátu samfélagi geti hann ekki látið duga að taka til greina mikilvægi sumra, eða jafnvel flestra, sem teljast venjulegir, með þeim hætti að þeir sem eru skilgreindir óvenjulegir séu hafðir útundan. Því sé brýnt að skólinn mæti þörfum nemenda sem eiga í erfiðleikum með nám.

Samstarf heimila og skóla

Fræðimenn hafa bent á að samstarf heimila og skóla geti haft jákvæð áhrif á skólagöngu barna (Barger o.fl., 2019; Desforges og Abouchaar, 2003; Deslandes, 2009; Leithwood, 2009; Reay, 2005; Wolfendale, 2000). Vinni kennarinn með barninu og fjölskyldunni í samvinnu við sérfræðinga aukast líkur á að lausnir finnist til hagsbóta fyrir barnið. Ein leið til þess er farsælt samstarf á milli skóla og foreldra (Baquedano-López o.fl., 2013; Harris og Goodall, 2008). Nanna Kristín Christiansen (2017) bendir á skilgreiningu norska fræðimannsins Thomasar Nordahl (2007) á samstarfi heimila og skóla. Að hans mati þarf samstarfið að fara fram á þremur þrepum til að skila árangri. Á fyrsta þrepi eru veittar upplýsingar, á öðru þrepi fer fram samræða og á þriðja þrepi fá foreldrar hlutdeild. Á þriðja þrepinu á sér stað hið raunverulega samstarf þar sem aðilar deila ábyrgð og taka sameiginlegar ákvarðanir.

Niðurstöður rannsókna Rodriguez og félaga (2014) sýna að þátttaka foreldra í skólagöngu barna stuðlar að bættri námslegri stöðu þeirra. Auk þess sé geta skóla til að koma á góðu samstarfi við foreldra og viðhalda því almennt viðurkennd sem grunnur að góðu skólastarfi. Þá hafa rannsóknir sýnt (Barger o.fl., 2019) að þátttaka foreldra í skólagöngu barna hefur jákvæð áhrif á félagslega og tilfinningalega aðlögun barnanna og er mikilvæg fyrir námslega aðlögun þeirra, óháð þroskastigi. Rannsóknir á þátttöku foreldra í skólastarfi sýna að traust er lykilatriði í góðu samstarfi foreldra og skóla (Halgunseth, 2009; Jeynes, 2012). Forsenda slíks trausts er sú að fyrir hendi séu tækifæri til samskipta og að foreldrar fái raunverulega möguleika til að hafa áhrif á skólustarfið (Adams o.fl., 2009). Í ljósi þess benda Rodriguez og félagar (2014) á mikilvægi þess að skólar séu móttækilegir fyrir tillögum foreldra og taki jafnframt tillit til skoðana þeirra þegar kemur að ákvörðun um menntun barnanna. Þá geti skólar jafnframt veitt stuðning sem hefur jákvæð áhrif á framfarir nemenda og upplýst foreldra um þær framfarir með því að miðla reglulega til þeirra upplýsingum eftir ýmsum samskiptaleiðum. Í niðurstöðum rannsóknar Kristínar Jónsdóttur (2018) á tengslum heimila og skóla kemur fram að foreldrar og kennarar voru sammála um að samstarf þeirra og samskipti væru mikilvæg fyrir menntun barna. Þá benda niðurstöðurnar til þess að foreldrar barna með námserfiðleika og hegðunarvanda eigi oftast í erfiðum samskiptum við umsjónarkennara en foreldrar annarra barna.

Rannsókn Elbaum og félaga (2015) sneri að því að kanna hvaða þættir leiddu öðrum fremur að þátttöku foreldra í skólagöngu barna með námserfiðleika. Niðurstöður sýndu að gæði kennslunnar skipta foreldra miklu máli og að stuðningur og úrræði stuðla að framförum og aðlögun barnanna í skólanum. Auk þess kom fram að foreldrarnir vildu fá reglulega upplýsingar um stöðu og gengi barnsins í skólanum og að það skipti þá miklu máli að fá fljótt svör við fyrirspurnum. Ekki skipti þó öllu máli hvort í svörunum fælist lausn á því máli sem fyrirspurn foreldris snerist um, aðalatriðið væri umhyggjan og virðingin sem birtist í því að svara fljótt og vera í reglulegum og góðum samskiptum. Foreldrar virtust gera sér grein fyrir áskorunum barnsins í skólanum og vildu fá réttar upplýsingar um stöðu barnsins svo hægt væri að bregðast við með viðeigandi aðgerðum áður en það færi halloka námslega eða félagslega. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að regluleg samskipti milli heimilis og skóla séu gagnleg, en þeim þurfi að fylgja eftir með því að bjóða foreldrum að taka þátt í lausnamiðuðu ferli sem miði að því að bæta stöðu barnsins og leysa úr þeim erfiðleikum sem það glímir við.

Þegar um er að ræða börn með námserfiðleika er mikilvægt að samstarf sé gott á milli foreldra og skóla. Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur (2016) var leitast við að fá fram sjónarhorn mæðra barna sem þurftu mikinn námslegan stuðning. Niðurstöður sýndu að mæðurnar töldu að skólunum tækist ekki nógu vel að mæta námslegum þörfum barnanna, og það leiddi til þess að þau ættu erfitt með að tileinka sér nám og yrðu þar af leiðandi af mikilvægum námstækifærum. Það gæti haft afdrifarík áhrif á framtíðarmöguleika þeirra. Auk þess töldu mæðurnar erfitt að fá skólana til að laga nám og kennslu að þörfum barnanna og áhugasviði, til dæmis væru hæfileikar þeirra á sviði list- og verkgreina lítið nýttir þeim til framdráttar, og ekki heldur möguleikar til náms með tölvutækni. Í meginráttum bentu niðurstöður til ósveigjanleika í skólakerfinu í ýmsum myndum þar sem skipulag náms og kennslu virðist ennþá miðast við einsleitán hóp nemenda. Að mati Hermínu er það áhyggjuefni hve einstaklingsbundin þekking kennara á þörfum og aðstæðum nemenda virðist vera og að mikilvægar upplýsingar og þekking flytjast ekki endilega frá einum kennara til annars.

Í nýlegri skýrslu er fjallað um niðurstöður spurningakönnunar sem send var leikskólustjórum, grunnskólustjórum og forsvarsaðilum skólalábjónustu hjá 72 sveitarfélögum á Íslandi (Birna María Svanbjörnsdóttir o.fl., 2020). Markmið rannsóknarinnar var að fá fram heildarmynd af umgjörð og starfsháttum skólalábjónustu sveitarfélaga. Í ljós kom að að 92% svarenda töldu að stuðningur við foreldra og börn næmi innan við 40% af viðfangsefnum skólalábjónustu. Jafnframt taldi um helmingur svarenda að skólalábjónustan legði mikla áherslu á stuðning við foreldra þegar kæmi að stuðningi við barn í almennri kennslustofu í framhaldi af greiningu á námsvanda. Um fjórðungur svarenda taldi að áherslan væri mikil á stuðning við heimili og fræðslufundi fyrir foreldra í framhaldi af slíkri greiningu.

Hér hefur verið fjallað um stöðu nemenda með námserfiðleika í grunnskólum og mikilvægi þess að þeir fái viðeigandi stuðning í námi til að koma í veg fyrir að vandinn nái að þróast og verði illviðráðanlegur. Enn fremur hefur verið rætt um mikilvægi samstarfs heimila og skóla og um árangurinn sem slíkt samstarf getur skilað.

Rannsóknin sem hér er kynnt er hluti af stærra rannsóknarverkefni um stuðning við grunnskólanemendur með námserfiðleika. Meginmarkmið verkefnisins er að varpa ljósi á stöðu barna með námserfiðleika í grunnskólum og leita leiða til að stuðla að jákvæðri námsframvindu þeirra. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var að kanna reynslu foreldra af þeim stuðningi sem börnum þeirra stendur til boða innan skóla. Skilgreining hópsins sem rannsóknin beinist að er: Börn í grunnskólum sem eiga við námserfiðleika að etja og hafa meðal annars verið greind með athyglisbrest með/án ofvirkni (e. attention deficit hyperactivity disorder; ADHD), einhverfu, almenna og sértæka námserfiðleika, tilfinninga- og félagslega erfiðleika og tourette-heilkenni. Lögð var áhersla á að fá skýra mynd af stuðningi við börn með námserfiðleika, sjá hvað er vel gert og hvaða þætti þarf að bæta. Leitað var svara við rannsóknarspurningunni: Hver er upplifun og reynsla foreldra barna með námserfiðleika af stuðningi innan grunnskóla?

AÐFERÐ

Hér er kynntur sjálfstæður hluti áður nefndrar rannsóknar, sá sem beinist að upplifun og reynslu foreldra barna með námserfiðleika af stuðningi innan grunnskóla. Með stuðningi við börn með námserfiðleika er átt við allan stuðning innan grunnskólans, kennslu, sérkennslu og sérfræðipjónustu, sem og þjónustu frá samstarfsstofnunum. Ekki var gert ráð fyrir að rannsóknin tæki til barna sem heyra undir lög um málefni fatlaðra, heldur var ákveðið að kanna skyldi stuðning við börn sem eru með námserfiðleika en teljast ekki fötluð. Samstarfsaðilar í rannsókninni voru Heimili og skóli og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). Valdir voru með slembiúrtaki 46 grunnskólar af öllu landinu til þátttöku í heildarrannsókninni. Einn skóli hafnaði þátttöku. Rannsóknin var eigindleg og gögnum safnað með rýnihópaviðtölum.

Þátttakendur

Í rannsókninni var stuðst við tilgangsrúttak (e. purposive sampling). Þá eru valdir þeir viðmælendur sem henta best markmiðum rannsóknarinnar (Morgan, 2019). Með aðstoð samtakanna Heimili og skóli var boðum komið til foreldra barna sem áttu við námserfiðleika að stríða í þeim skólum sem voru í úrtakinu. Einnig var haft samband við skólalastjóra skólanna og þeir beðnir að framsenda tölvupóst á foreldrafélögin. Í tölvupóstunum var foreldrum kynnt rannsóknin og boðið að taka þátt í rýnihópi. Alls samþykktu 22 foreldrar að taka þátt í rannsókninni, 18 mæður og fjórir feður barna á miðstigi og unglingastigi.

Framkvæmd og úrvinnsla

Tekin voru fimm rýnihópaviðtöl og voru þátttakendur í hverjum hópi þrjár til sex. Viðtölin voru tekin á haustönn 2016 og vorönn 2017. Í viðtölunum var lögð áhersla á að þátttakendur ræddu málin sín á milli og skiptust á skoðunum. Stuðst var við viðtalsramma og spurningar settar fram til að fá umræðu um ákveðna þætti sem sneru að markmiðum rannsóknarinnar. Leitast var við að fá fram umræðu um það hver væri helsta áskorunin sem viðmælendur stæðu frammi fyrir í tengslum við heimanám barnanna, hvað væri jákvætt í stuðningi skólanna og hvað þyrfti að bæta til að koma til móts við þarfir barnanna. Í viðtölunum var þess gætt að allir þátttakendur hefðu tækifæri til að taka þátt í umræðunni og að jafnræði ríkti (Morgan, 2019). Viðtölin fóru ýmist fram á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL) eða í þeim grunnskólum sem voru miðsvæðis meðal þátttökuskóla í hverju viðtali. Í fyrstu tveimur viðtölunum tók Olga Huld Gunnarsdóttir, þáverandi meistaranemi í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, þátt og vann meistara-verkefni sitt út frá niðurstöðum viðtalanna (Olga Huld Gunnarsdóttir, 2016). Rýnihópaviðtölin voru 90 til 120 mínútur að lengd. Þau voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Skráður var nákvæmur aðdragandi hvers viðtals og hugleiðingar rannsakennda í lokin. Viðtölin voru marglesin, kóðuð og þemagreind (Creswell og Poth, 2018) og var með því leitast við að finna og greina í frásögnum foreldra sameiginlega þætti og mynstur sem vörpuðu ljósi á reynslu þeirra.

Siðferðileg atriði

Þátttakendum var gerð grein fyrir markmiðum rannsóknarinnar og þeim var tjáð að fyllsta trúnaðar yrði gætt við úrvinnslu og framsetningu niðurstaðna. Almennum vísindasiðareglum var fylgt í rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2013). Þátttakendur undirrituðu yfirlýsingu um upplýst samþykki áður en þeir hófu þátttöku. Í niðurstöðum er aðstæðum lýst með þeim hætti að ekki megi rekja einstök atriði til ákveðinna einstaklinga.

NIÐURSTÖÐUR

Við greiningu gagnanna komu fram þrjú meginþemu: (a) óánægja með upplýsingastreymi á milli skóla og heimila, (b) álag á heimilin í kringum heimanám barnanna, (c) stuðningur og úrræði. Í þessum niðurstöðukafla er lögð megináhersla á að gera grein fyrir þessum þemum og er honum skipt í þrjá undirkafla sem endurspeglja þau.

Upplýsingastreymi milli skóla og heimila

Í viðtölunum kom fram almenn ánægja meðal foreldra með kennara barnanna. Helstu kosti kennara töldu foreldrar vera velvilja þeirra og áhuga á vanda barnanna og aðstæðum fjölskyldnanna. Foreldrum varð þó tíðrætt um skort á upplýsingastreymi frá skólanum. Margir þeirra nefndu sem dæmi að þeir hefðu átt frumkvæði að fundum með kennurum á haustin þar sem þeir spurðu kennarana hvernig best væri að haga samstarfi, og hefði það virkað ágætlega. Aðrir foreldrar lýstu því að þeir hefðu þurft að hafa mikið fyrir því að fá stuðning fyrir börnin og hefðu þurft að „berja í borð og hafa hátt“. Enn aðrir foreldrar sögðust vita hvaða rétt börnin hefðu til stuðnings innan skólans og hefðu þeir bara rakið staðreyndir og rökstutt mál til að fá í gegn stuðning fyrir börnin sín, meðal annars með tilvitnunum í grunnskólalög. Í rýnihópunum kom ítrekað fram að stuðningur og þjónusta við börnin kæmi ekki af sjálfu sér frá skólanum og að það ylti í raun á drifkrafti foreldranna hvort börnin fengju nauðsynlega aðstoð. Þau börn sem eiga „ákveðnu foreldrana“ fái því meiri aðstoð en önnur börn. Foreldrarnir sögðust hafa skilning á stöðu kennara sem eru með 18–25 börn í bekk og þar af mörg börn með mismunandi greiningar, sérþarfir og fötlun, auk barna sem eru af erlendum uppruna. Einnig sögðust þeir hafa skilning á mann-eklu í skólunum og gera sér grein fyrir því að starf kennara væri ekki auðvelt.

Meirihluti foreldranna sagðist hafa leitað eftir auknu samstarfi og óskað eftir því að fá meiri upplýsingar frá skólanum. Í því sambandi nefndu þeir sem dæmi upplýsingar um það hvort börnin fylgdu jafnöldrum og að það skipti þá máli að fá hlutlægt mat en ekki huglægt á námsstöðu barnanna. Þeim fannst hjálplegt að fá tölvupóst frá kennara með upplýsingum um námslega stöðu barnsins. Í því sambandi nefndi móðir svar sem hún fékk frá kennara: „Hann stendur bara vel miðað við hann [sjálfan]“. Þátttakendur í þeim rýnihópi voru sammála um að svör sem þetta væru ekki upplýsandi um námsstöðu barns. Aðrir foreldrar töldu börnin hafa fengið góða þjónustu en þeim fannst samt sem áður að þeir fengju ekki nægar upplýsingar um hvað börnin væru að gera í skólanum. Í umræðu um samskipti heimila og skóla ræddu nokkrir foreldrar um agaleysi í skólum og nefndu til dæmis að ekki væri hringt heim til að láta vita þegar börnin skrópuðu í tíma. Foreldrar veltu fyrir sér af hverju ekki væri hægt að tryggja að börnin mættu í tíma þegar

Þau á annað borð væru mætt í skólann. Ítrekað kom fram í umræðu um samskipti skóla og heimila að algengt væri að enginn tölvupóstur bærisk frá kennurum nema þegar eitthvað neikvætt hefði gerst.

Foreldrum var tíðrætt um að fyrirkomulag teymisfunda væri oft óljóst. Þeir nefndu að á slíkum fundum kæmi jafnvel fram að allt gengi vel hjá barni en svo reyndist það oft ekki rétt og upplýsingar jafnvel ekki í samræmi við það sem kæmi fram á Mentor-vefnum. Algengt væri að teymisfundir væru haldnir mánaðarlega en oft kæmi í ljós að lítið sem ekkert gerðist á milli funda. Í því sambandi sagði móðir: „Við erum boðuð á alls konar fundi með sérfræðingum þar sem fram kemur hvað barnið þarf, en svo gerist ekkert í skólanum“.

Mikil umræða átti sér stað í rýnihópunum um greiningu á námserfiðleikum barna. Foreldrarnir voru sammála um að þeir hefðu þurft að bíða allt of lengi eftir slíkum greiningum, allt að eitt til tvö ár og jafnvel lengur. Það leiddi til þess að nokkrir foreldrar fóru með börnin í greiningu til sérfræðinga á stofu með tilheyrandi kostnaði. Foreldrarnir sögðu að skólinn gerði lítið fyrir börn með námserfiðleika fyrr en greining væri komin í hús. Það fannst þeim miður þar sem tíminn væri dýrmætur og á meðan beðið væri eftir greiningu fengju börnin ekki þann stuðning sem þau þyrftu. Foreldrarnir voru almennt sammála um gagnsemi greiningar því með niðurstöðunum fengju börnin skýringu á vandanum og for-eldrar og kennarar skildu betur hvað væri í gangi, og í flestum tilvikum hefði það jákvæð áhrif á líðan barnanna í skólanum. Með greiningu væri komin staðfesting á því að erfiðleikarnir stöfuðu ekki af „heimsku“. Þeim var jafnframt tíðrætt um þau börn sem ná ekki greiningarviðmiðum fyrir ADHD eða aðra röskun og eru skilgreind á gráu svæði. Erfitt geti reynt að fá stuðning fyrir þau börn þrátt fyrir veruleg einkenni sem hafa truflandi áhrif á nám þeirra.

Þá var bent á stöðu barna með námserfiðleika en enga hegðunarerfiðleika, sem fengju síður stuðning af því að þau kalla ekki eftir aðstoðinni með truflandi hegðun. Þörf væri á auknum inn gripum fyrir börn sem lítið færi fyrir. Þau gætu engu að síður verið með alvarlegar raskanir sem hefðu áhrif á námsframvindu þeirra og félagslega stöðu. Margir foreldrar nefndu að mikil þörf væri á auknum úrræðum innan skólanna fyrir börn sem glíma við félagslega einangrun, sem oft fylgir námserfiðleikum.

Heimanám skapar mikið álag á heimilin og er tímafrekt

Að mati allra foreldranna var skortur á upplýsingum frá skólunum sérlega bagalegur í tengslum við heimanám barnanna. Allir viðmælendur voru sammála um að heimanámið skapaði mikið álag á heimilin. Þeir lýstu aðstæðum þannig að eftir langan vinnudag tæki við hjá þeim áframhaldandi vinna við að hjálpa börnunum við heimanámið. Það tæki oft eina til tvær klukkustundir en færi eftir dagsformi barnsins. Foreldrar barna með ADHD sögðu frá því að þegar komið væri að því að gera heimavinnuna seinni hluta dags væru áhrifin af ADHD-lyfjunum horfin, og þá væri bara kvöl og pína, bæði fyrir börnin og foreldrana, að komast í gegnum heimavinnuna. Engin athygli væri eftir hjá börnunum en aftur á móti mikil hreyfiofyrirgæfni. Vinnudagur foreldra væri því langur og margir þeirra töldu sig finna fyrir streitueinkennum af þessum sökum. Að mati foreldra hafði álagið sem fylgdi heimanáminu haft víðtæk áhrif á líðan fjölskyldunnar og samskipti innan heimilisins.

Í öllum rýnihópunum skapaðist mikil umræða um þau átök sem geta komið upp í tengslum við heimanám. Foreldrnir voru sammála um að mun meira álag fylgdi heimanámi barna með námserfiðleika en annarra barna. Mesta áskorunin er að mati þeirra álagið; áframhaldandi vinnudagur sem leiðir af sér neikvæð samskipti og skapar perring á heimilinu. Nokkrir foreldranna áttu einnig börn sem voru ekki með námserfiðleika og fundu því muninn á álaginu. Fram kom hjá mörgum foreldranna að börn með námserfiðleika hefðu lítið sjálfstraust og að þau hefðu bara foreldrana til að hjálpa sér. Þeir þurfi því að vera stöðugt á vaktinni, sjá um að heimanámi sé sinnt og minna börnin á að mæta í tómsundur, á æfingar og fleira. Að mati foreldra barna með lesblindu og lestrarerfiðleika er sérlega mikil vinna við heimanámið og þeir telja að almennt geri fólk sér ekki grein fyrir hvað þetta er mikil vinna vegna þess að það þekki það ekki af eigin raun. Auk þess kom fram hjá nokkrum foreldrum að þeir áttuðu sig ekki alltaf á því hvernig ætti að leysa heimanámið af hendi eða á kröfunum sem gerðar væru til barnanna. Þá fannst flestum þeirra mikilvægt að finna lesefni í takt við áhugasvið barnsins, því ef lesefnið vekti ekki áhuga barnanna þá gengi illa að fá þau til að lesa. Foreldrar voru flestir þeirrar skoðunar að heimavinnan ætti að fara fram í skólanum.

Bent var á að börnin reyndu oft að koma sér undan heimavinnunni og að þau væru oft ekki með áreiðanlegar upplýsingar um það sem sett væri fyrir. Í því sambandi sagði móðir að vegna skorts á upplýsingum frá skólanum væri hún oft órugg og óviss um hvort hún væri að gera rétt þegar hún aðstoðaði barn sitt við námið. Einnig kom fram að kennarar mættu leiðbeina foreldrum betur um heimanám barnanna. Nokkrum foreldranna fannst heimanám í skólum jákvætt en þeir töldu að það væri oft sett á óheppilegan tíma, til dæmis eftir skóla á föstudögum, sem leiddi til þess að börnin forðuðust heimanáms-tímana. Þá kom fram hjá móður að skólinn hefði lagað stuðninginn við barnið að getu móðurinnar. Hún væri dugleg að kenna barninu heima og tækju kröfurnar mið af því, en ekki væri tekið tillit til þess að hún væri í fullri vinnu og með fimm börn heima sem þyrfti líka að sinna.

Stuðningur og úrræði

Í rýnihópunum voru foreldrar beðnir að greina frá því hvað þeir væru ánægðir með í starfi skólanna, félags- og skólabjónustunnar og annarra þjónustuaðila, og segja frá því sem betur mætti fara. Flestir voru þeir ánægðir með námsver og sérkennslu í skólunum og töldu þann stuðning nýtast sérstaklega vel ef börnin fengju reglulega að njóta þeirra úrræða. Þegar barni liði illa í bekknum, vegna til dæmis of mikils hávaða, ætti það að eiga kost á því að fara í námsver að eigin ósk. Í einum rýnihópanna var umræða um að skóla-starfið gæti allt lítið vel út á yfirborðinu en fyrir kæmi að námsleg vanræksla væri engu að síður reyndin þegar betur væri að gáð. Þá væri ef til vill ekki nægilega hugað að líðan barnanna. Þegar barn væri til dæmis að glíma við mikinn tilfinningavanda og jafnvel þunglyndi, þá þyrfti að breyta áherslum og leita leiða til að því liði betur í stað þess að einblína á námsárangur.

Reynsla foreldra af einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlunum virtist nokkuð misjöfn. Flestir foreldranna létu vel af slíku fyrirkomulagi í einstaka greinum þar sem börnunum gæfist tækifæri til að stunda námið á sínum hraða, því oft væru börnin einu til

þremur árum á eftir jafnöldrum í náminu. Þeir sem ekki voru ánægðir gagnrýndu framkvæmdina og bentu á að stundum væri í raun ekki verið að nýta einstaklingsnámskrána. Í því sambandi benti móðir sem hafði óskað eftir einstaklingsnámskrá fyrir barnið sitt á að það hefði tekið „nokkrar vikur að fá að sjá einstaklingsnámskrána“ og síðar hefði komið í ljós „að það var lítið verið að fylgja henni, meira verið að prufa þetta og prufa hitt“. Hún sagði jafnframt að á þeim tíma hefði barnið skrópað í skólanum, truflað í tímum og viðhaft ljótt orðbragð.

Í öllum rýnihópunum var rætt um hlutverk stuðningsfulltrúa. Mörgum foreldranna fannst þeir veita börnunum góðan stuðning. Engu að síður komu fram áhyggjur af því að stuðningsfulltrúi þyrfti að sinna mörgum börnum með námserfiðleika samtímis og í bekk gætu verið mörg börn með ólíkar þarfir auk náms- og hegðunarerfiðleika. Í einum rýnihópnum lýstu foreldrar því að sérkennslan hefði þróast þannig að sérkennararnir kæmu inn í bekkina. Það er nefnt flæðisérkennsla. Áður þyrftu börnin að fara út úr bekknum í sérkennslu, sem var ekki alltaf vinsælt. Foreldrar barna á unglíngastigi gagnrýndu sérkennslu utan kennslustofu. Fæstir unglíngar vildu fara úr bekknum í sérkennslu því að unglíngar vildu ógjarna skera sig úr hópnum.

Foreldrarnir voru almennt ánægðir með það starfsnám sem í boði er á unglíngastigi og töldu að það mætti vera meira. Einnig lýstu þeir ánægju sinni með teymisfundi á unglíngastigi þar sem unglíngarnir eru með á fundunum. Í öllum rýnihópnum voru foreldrar sammála um að það þyrfti að fjölga fagfólki innan skóla og leggja aukna áherslu á þverfaglegt samstarf sem gæti leitt til betri stuðnings við börn með ýmiss konar flókinn og fjölþættan vanda. Þá kom fram ánægja hjá mörgum foreldranna með ýmis úrræði utan skólans. Sem dæmi nefndu foreldrar í einum rýnihópnum ART-þjálfun (e. aggression replacement training) fyrir börn með hegðunar- og/eða tilfinningavanda og fjölskyldu þeirra, og létu mjög vel af henni. Í öðrum rýnihópi nefndu foreldrar GPS-námskeið fyrir börn hjá ADHD-samtökunum, sem væri frábært. Þar er börnunum kennt að þekkja styrkleika sína og veikleika, með áherslu á lífsleikni fólks með ADHD.

Samhljómur var á meðal foreldra um mikilvægi þess að létta af börnunum í bóklegu námi og bjóða þeim upp á meira verklegt nám þar sem þau hefðu mismunandi styrkleika. Ítrekað kom fram í rýnihópnum að sum börn finna sig í verklegum greinum þótt þau finni sig ekki í bóklegum greinum. Í því sambandi sagði móðir að það væri „um að gera að leyfa þeim að blómstra þar sem þau hafa styrkleikana“. Nokkrir foreldranna töldu spjaldtölvur mjög hjálplegar. Þær gætu auðveldað börnunum námið og gert það meira aðlaðandi. Auk þess var bent á að kennsla í forritun gæti sannarlega vakið áhuga margra. Í fleiri en einum rýnihópi var rætt um að nýjungar í skólasterfi byggðust oft og tíðum á einum fagaðila. Að mati margra foreldranna er mikilvægt að fleiri komi að slíkri þróunarvinnu, jafnvel teymi sem heldur áfram vinnu til að þekking og reynsla tapist ekki þótt einn fagaðili hætti störfum. Flestir foreldranna töldu að bæta þyrfti framboð á námsbókum fyrir börn með námserfiðleika. Oft væru börnin hægælæs, þau kæmust ekki yfir að lesa bækur með smáu lettri, og því þyrfti bækur með stórum stöfum og myndum. Einnig væri þörf á bókum sem henta lesblindum börnum, og lesefnið þyrfti að vera áhugavert og viðráðanlegt. Þá töldu þeir að það vantaði meiri stuðning fyrir börnin í stærðfræði og lesskilningi.

Foreldrarnir ræddu um samkennslu í skólum og margir þeirra voru alls ekki ánægðir með samkennslu margra bekkjardeilda, jafnvel með öðrum árgangi. Sömu foreldrar töldu

það vera afleitt fyrirkomulag fyrir börn með námserfiðleika. Börnin þyrftu fyrst og fremst að hafa fasta ramma, vera með einstaklingsnámskrá, hafa val um samfélagsgreinar, námsver og verklegar greinar. Í öllum rýnihópunum var rætt um tíð kennaraskipti, sem foreldrum fundust mjög bagaleg. Þeir bentu á að það kæmi fyrir að kennaraskipti væru á hverri önn og jafnvel á miðri önn. Við slíkar aðstæður tapaðist þekking á stöðu og vanda barnsins, og reynsla af vinnu með því. Nýr kennari þyrfti að setja sig inn í þetta, og það skapaði líka meira álag á börnin.

Ítrekað kom til tals í rýnihópunum að foreldrar teldu sig ekki kunna leiðirnar í heilbrigðiskerfinu og félagslega kerfinu. Faðir nefndi dæmi um barn sem fór í gegnum þjónustumiðstöð í hverfinu og síðan á Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar. Allt ferlið hefði tekið mörg ár og niðurstöður greiningar loks legið fyrir þegar barnið var komið í 8. bekk. Jafnframt var bent á að það væru „margar stoppistöðvar í kerfinu“. Foreldrar væru sendir fram og til baka og það væri í raun enginn sem leiddi þá í gegnum ferlið. Biðtími styttist hins vegar hjá börnum foreldra sem hefðu ráð á að leita til sérfræðinga á stofu þar sem foreldrar fengju leiðbeiningar um næstu skref.

UMRÆÐA

Hér hefur verið kynnt rannsókn á upplifun og reynslu foreldra af stuðningi við börn með námserfiðleika. Af niðurstöðum rannsóknarinnar má sjá að foreldrar þessara barna eru ánægðir með ýmislegt í grunnskólasterfinu. Má í því sambandi nefna námsver og sérkennslu, einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlun í einstökum greinum. Margt sem fram kemur í niðurstöðunum um reynslu foreldra af þátttöku á skólagöngu barna er í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna á þessu sviði, sem sýna að samstarf heimila og skóla hefur jákvæð áhrif á skólagöngu barna (Adams o.fl., 2009; Barger o.fl., 2019; Halgunseth, 2009; Rodriguez o.fl., 2014). Þar má benda á óskir foreldra um betra upplýsingastreymi milli skóla og heimilis. Foreldrum er mjög í mun að fá reglulega upplýsingar um stöðu og líðan barns síns í skólanum og þeir kalla eftir virðingu og umhyggju gagnvart barninu með því að kennari svari símtali, tölvupósti eða öðrum skilaboðum sem varða barnið. Það skiptir foreldra miklu máli að hafa skýra mynd af náms- og félagslegri stöðu barns síns í skólanum. Þá sýna niðurstöður að of löng bið eftir greiningu veldur því að barnið fær oft ekki viðeigandi stuðning og þjónustu. Út frá niðurstöðunum má draga þá ályktun að mörg verkefni blasi við í grunnskólum landsins til að bæta upplýsingastreymi til foreldra og efla virkt samstarf milli skóla og heimila.

Foreldrarnir lýstu miklu álagi í tengslum við nám barnanna. Þá hafa þeir sjálfir þurft að fylgja því eftir að börnin fái þann stuðning sem þau eiga rétt á, eins og tilgreint er í lögum (nr. 91/2008) og *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Reynsla foreldra í þessari rannsókn er því sú að stuðningur við börn með námserfiðleika kemur ekki af sjálfu sér frá skólanum. Auk þess upplifa foreldrar mikið álag vegna heimanáms barnanna og varð þeim tíðrætt um áhrif þess á börnin og á samskipti innan heimilisins. Að þeirra mati fær þetta mikla álag og vinna sem leggst á foreldra litla umfjöllun og lítinn skilning í samfélaginu. Þessu er vert að gefa betri gaum þar sem heimilið, sem á að vera griðastaður fjölskyldunnar, getur orðið að átakasvæði um heimanám með

tilheyrandi vanlíðan og togstreitu milli foreldra og barns, og jafnvel annarra í fjölskyldunni. Í ljósi þessa má ætla að mikilvægt sé að endurskoða skipulag heimanáms og léttu af heimilunum þessu álagi með því að færa annað heimanám en lestur inn í stundatöflu barnanna í skólanum. Foreldrar leggja einnig áherslu á að skólar hagi námi og kennslu þannig að börnin fái að blómstra þar sem þau hafa styrkleika. Þannig kalla þeir í raun eftir aukinni áherslu á verklegar greinar, svo sem handmennt og myndmennt, en um leið eftir auknum stuðningi við bóklegt nám og auknu framboði aðlagaðs námsefnis sem höfðar til barna með námserfiðleika. Má ætla að slíkar ábendingar foreldra sýni einmitt eina af þeim leiðum sem hægt væri að fara til að mæta betur þörfum barna með námserfiðleika.

Auk þess bentu foreldrar á að þau börn sem eiga „ákveðnu“ foreldrana séu líklegri en hin til að fá nauðsynlega þjónustu. Þetta leiðir hugann að þeim foreldrum sem ekki hafa sterka félagslega stöðu eða þann kraft sem þarf til að berjast fyrir hagsmunum barna sinna í skólakerfinu. Þessi innbyggða mismunur í skólakerfinu (Ólafur Páll Jónsson, 2014) sýnir ljóslega að aðkallandi þörf er á fleiri fagstéttum innan skólanna, svo sem félagsráðgjöfum, iðjubjálfum, sálfræðingum, talmeinafræðingum og þroskabjálfum. Fjölgun fagfólks í grunnskólum er mikið þjóðþrifamál, þar sem á kennara og annað starfsfólk skóla hafa lagst auknar skyldur sem snúa að almennri velferð og líðan barna í skólunum. Margt af því sem kennurum er ætlað að leysa af hendi í þjónustu við börn með alvarlegar raskanir og félags- og tilfinningalegan vanda er engan veginn sanngjarnt þegar horft er til meginhlutverks kennarans innan grunnskólans (Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019). Fjölgun fagstétta í grunnskólum til að bæta sérhæfða þjónustu við nemendur er í samræmi við áherslur í nýjum farsældarlögum (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

Meginniðurstöður sýna að foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni lýsa mismæmi á milli annars vegar menntastefnunnar um að mæta þörfum allra barna og hins vegar framkvæmdar þeirrar stefnu, sem á að felast í því að veita börnum með námserfiðleika og foreldrum þeirra stuðning. Eins og fram hefur komið er umræddur hópur barna í hvað mestri brotthvarfshættu þegar kemur á framhaldsskólastig (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Sigrún Harðardóttir, 2015) en brotthvarf úr framhaldsskóla getur haft áhrif á allt lífshlaup þessara barna (Bellis o.fl., 2018; Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfsdóttir, 2015; Guðný Bergþóra Tryggvadóttir o.fl., 2016; Sigrún Harðardóttir og Þorlákur Helgi Helgason, 2019). Af niðurstöðunum má draga þá ályktun að foreldrar kalla eftir trausti, virðingu og bættum samskiptum milli skóla og heimilis, auknum jöfnuði í stuðningi við börnin, betri aðlögun náms að fjölbreytilegum þörfum nemenda og auknu framboði námsefnis.

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar voru þær að hún náði einungis til 22 foreldra barna með námserfiðleika. Engu að síður geta niðurstöðurnar gefið vísbendingu um upplifun og reynslu annarra foreldra í þessari stöðu þar sem fyrirkomulag stuðnings og úrræða er að líkindum svipað í flestum skólum landsins. Má því vænta þess að niðurstöður rannsóknarinnar auki þekkingu á þessu sviði. Þess er jafnframt vænst að niðurstöðurnar geti nýst við að þróa frekar og byggja upp samstarf heimila og skóla þar sem áhersla yrði lögð á að veita foreldrum aukna hlutdeild í ákvarðanatöku innan skóla um stuðning við börn með námserfiðleika. Með slíku samstarfi væri enn fremur hægt að nýta þá auðlind

sem felst í þekkingu og reynslu foreldra. Það yrði nemendum og skólasamfélaginu öllu til hagsbóta. Aðrar takmarkanir rannsóknarinnar voru þær að ekki var lagt upp með að ná til foreldra fatlaðra barna og foreldra barna af erlendum uppruna. Þó er ekki síður mikilvægt að rannsaka upplifun og reynslu foreldra þeirra barna af stuðningi innan grunnskóla.

ATHUGASEMDIR

Við viljum færa foreldrum sem tóku þátt í rannsókninni kærar þakkir fyrir framlag þeirra, án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika. Rannsóknin var styrkt af Lýðheilsu-sjóði og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og höfundar þakka fyrir þann stuðning.

HEIMILDIR

- Adams, C. M., Forsyth, P. B. og Mitchell, R. M. (2009). The formation of parent-school trust: A multilevel analysis. *Education Administration Quarterly*, 15(1), 4–33. <https://doi.org/10.1177/0013161X08327550>
- Baquedano-López, P., Alexander, R. A. og Hernandez, S. (2013). Equity issues in parental and community involvement in schools: What teacher educators need to know. *Review of Research in Education*, 37(1), 149–182. <https://doi.org/10.3102/0091732X12459718>
- Barger, M., Kim, E. M., Kuncel, N. R. og Pomerantz, E. M. (2019). The relation between parents' involvement in children's schooling and children's adjustment: A meta-analysis. *Psychological Bulletin*, 145(9), 855–890. <https://doi.apa.org/doi/10.1037/bul0000201>
- Bellis, M. A., Hughes, K., Ford, K., Hardcastle, K. A., Sharp, C. A., Wood, S., Homolova, L. og Davies, A. (2018). Adverse childhood experiences and sources of childhood resilience: A retrospective study of their combined relationships with child health and educational attendance. *BMC Public Health*, 18, 792. <https://doi.org/10.1186/s12889-018-5699-8>
- Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Jórunn Elidóttir, Rúnar Sigþórsson og Sigríður Margrét Sigurðardóttir. (2020). *Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla: Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvarsáðila skólaþjónustu*. Háskólinn á Akureyri. https://www.unak.is/static/files/pdf-skjol/2020/skyrsla_loka_m.forsidu_28.02.20.pdf
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2018). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (4. útgáfa). Sage.
- Desforges, C. og Abouchaar, A. (2003). *The impact of parental involvement, parental support and family education on pupil achievements and adjustment: A literature review*. Department of Education and Skills [breskt ráðuneyti].
- Deslandes, R. (ritstjóri). (2009). *International perspectives on contexts, communities and evaluated innovative practices: Family-school-community partnerships*. Routledge.
- Elbaum, B., Blatz, E. T. og Rodriguez, J. R. (2015). Parents' experiences as predictors of state accountability measures of schools' facilitation of parent involvement. *Remedial and Special Education*, 37(1), 15–27. <https://doi.org/10.1177/0741932515581494>

- Gerður G. Óskarsdóttir. (1995). *The forgotten half. Comparison of dropouts and graduates in their early work experience: The Icelandic case*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Háskólaútgáfan.
- Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir. (2015). Ungt fólk í kreppu: Atvinnu-, fjárhags- og félagsstaða. *Tímarit félagsráðgjafa*, 9(1), 19–24.
- Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2016). *Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri* [unnið fyrir Velferðarráðuneytið]. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. http://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Stada_ungu_folks_med_ororku_13.10.2016.pdf
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Nemendur sem njóta sérkennslu eða stuðnings 2004–2020. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskolastig__0_gsNemendur/SKO02107.px
- Halgunseth, L. (2009). Family engagement, diverse families, and early childhood education programs: An integrated review of the literature. *Young Children*, 64, 56–58.
- Harris, A. og Goodall, J. (2008). Do parents know they matter? Engaging all parents in learning. *Educational Research*, 50(3), 277–289.
- Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). „Mitt barn passar bara ekki inn í þetta kerfi“. Sjórnarhorn mæðra barna sem þurfa mikinn stuðning til náms. *Glæður*, 26, 30–40.
- Jeynes, W. (2012). A meta-analysis of the efficacy of different types of parental involvement programs for urban students. *Urban Education*, 47(7), 706–742. <https://doi.org/10.1177/0042085912445643>
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Skóli fyrir alla. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007. Síðara bindi. Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 272–291). Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1992). *Námsferill í framhaldsskóla*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Háskólaútgáfan.
- Kristín Jónsdóttir. (2018). *Parental involvement in compulsory schools in Iceland* [hluti doktorsverkefnis við Háskóla Íslands]. Opin vísindi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/1013>
- Leithwood, K. (2009). Four key policy questions about parent engagement recommendations from the evidence. Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on contexts, communities and evaluated innovative practices: Family-school-community partnerships* (bls. 8–20). Routledge.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016_2019_master_16082019.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Lokaskýrsla*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>

- Morgan, D. L. (2019). *Basic and advanced focus groups*. Sage.
- Nanna Kristín Christiansen. (2017). Farsæl samstarfsverkefni foreldra og kennara. *Skólaþræðir – Tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <https://skolathraedir.is/2017/11/26/farsael-samstarfsverkefni-foreldra-og-kennara/>
- Nordahl, T. (2007). *Hjem og skole: Hvordan skape et bedre samarbeid?* Universitetsforlaget.
- Olga Huld Gunnarsdóttir. (2016). „Skóli án aðgreiningar, innistæðulaus mannúð“. *Upplifun og reynsla foreldra barna með námserfiðleika af stuðningi í grunnskólum* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Opin vísindi. <http://hdl.handle.net/1946/26402>
- Ólafur Páll Jónsson. (2014). Réttlæti: Stofnanir og verðskuldun. *Hugur – Tímarit um heimspeki*, 26, 154–167.
- Reay, D. (2005). Mothers' involvement in their children's schooling: Social reproduction in action. Í G. Crozier og D. Reay (ritstjórar), *Activating participation: Parents and teachers working toward a partnership* (bls. 23–38). Trentham.
- Ríkisendurskoðun. (2016). *Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga: Annað og þriðja þjónustustig. Skýrsla til Alþingis*. Rafhlaðan. <http://hdl.handle.net/10802/15207>
- Rodriguez, R. J., Blatz, E. T. og Elbaum, B. (2014). Parents' views of schools' involvement efforts. *Exceptional Children*, 81(1), 79–95. <https://doi.org/10.1177/0014402914532232>
- Sigrún Harðardóttir. (2015). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags*. Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd; Háskólaútgáfan.
- Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2019). Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður skólans. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 15(1), 113–134.
- Sigrún Harðardóttir og Þorlákur Helgi Helgason. (2019). Hin dulda útilokun: „Það er erfitt að blómstra þegar maður hefur ekki umhverfi“. *Tímarit félagsráðgjafa*, 13(1), 21–27.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Háskólinn á Akureyri.
- Stefán Ólafsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). From school to work: The case of Iceland. Í J. Olofsson og A. Panican (ritstjórar), *Ungdomars väg frá skola till arbetsliv – nordiska erfarenheter* (bls. 191–245). Norræna ráðherraráðið.
- Tomlinson, S. (2012). The irresistible rise of the SEN industry. *Oxford Review of Education*, 38(3), 267–286. <https://doi.org/10.1080/03054985.2012.692055>
- Wolfendale, S. (2000). Effective schools for the future: Incorporating the parental and family dimension. Í S. Wolfendale og J. Bastiani (ritstjórar), *The contribution of parents to school effectiveness* (bls. 1–18). Fulton.

Greinin barst tímaritinu 15. júlí 2021 og var samþykkt til birtingar 7. mars 2022.

UM HÖFUNDANA

Ingibjörg Karlsdóttir (ingibjka@landspitali.is) er félagsráðgjafi MPH á Barna- og unglinga-geðdeild Landspítala. Hún lauk BA-prófi í uppeldisfræði og félagsráðgjöf ásamt starfsréttindanámi í félagsráðgjöf árið 1989 frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi í lýðheilsufræði frá Háskólanum í Reykjavík 2012. Hún fékk sérfræðiréttindi í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði 2014. Hún er höfundur bókarinnar ADHD og farsæl skólaganga sem gefin var út af Námsgagnastofnun 2013. Rannsóknarsvið höfundar snúa að skólafélagsráðgjöf, börnum með námslegar og félagslegar áskoranir og áhrifum mataræðis á geðheilsu.

Sigrún Harðardóttir (sighar@hi.is) er dósent við félagsráðgjafardeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í uppeldisfræði og félagsráðgjöf árið 1988, starfsréttindanámi í félagsráðgjöf árið 1989, námi í náms- og starfsráðgjöf árið 1993, uppeldis- og kennslufræði árið 1994, meistaraþrófi í félagsráðgjöf (MSW) árið 2005, doktorsþrófi í félagsráðgjöf árið 2014 og diplómanámi í kennslufræði háskóla árið 2017, öllu frá Háskóla Íslands. Auk þess lauk hún diplómanámi í faghandleiðslu frá University of Derby árið 2021. Rannsóknarsvið höfundar snúa að skólafélagsráðgjöf, sálfélagslegri líðan nemenda og úrræðum innan skóla.

“Let the children flourish in accordance with their strengths” - Parents’ experiences of support for their children with learning disabilities

ABSTRACT

The primary school years are an age of significant developmental changes and the demands of schools, families and society regarding adaptability and progress are considerable. Not everyone is able to meet these requirements and achieve the desired results without difficulty. In the Compulsory School Act from 2008, important measures were taken to ensure the welfare of children with the implementation of the policy on segregation schools. This can be seen, among other things, in Article 17 of the Act (no. 91/2008), which states that students with learning disabilities have the right to have their learning needs met in a general compulsory school without exclusion and without regard to physical or mental ability. A recent survey on the implementation of an inclusive school policy states that 17% of primary school students have special educational needs. About 20–25% of primary school students receive support teaching of some kind for a longer or shorter period of time (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017).

The 2008 Act states that the school, in collaboration with parents, should promote the all-round development of all students and prepare them for participation in a democratic society. The law also states that the compulsory school must promote good co-operation between home and school with the aim of ensuring successful school work, general welfare and student safety. These provisions show that emphasis is placed on the respon-

sibility of parents and that they are seen as active participants in the implementation of school policy, in close co-operation with school staff. The National Curriculum Guide for Compulsory Schools (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) also discusses the role of parents and states that the welfare of children and successful academic progress is not least based on parents supporting their children's schooling and safeguarding their interests in all respects. Mutual provision of information between home and school and consultation between teachers and parents on learning and teaching is an important prerequisite for successful school work. It also states that schools are responsible for establishing such co-operation and for maintaining it throughout the child's schooling.

This article discusses the findings of focus groups consisting of parents of children with learning disabilities in elementary schools, who have been diagnosed with ADHD, ASD, learning disabilities, emotional or social difficulties and Tourette syndrome. The research emphasized acquiring a clear notion as to which kinds of support and services were considered successful, what were the main strengths and which aspects needed improvement. The main research question was: What is the experience of parents of children with learning disabilities of support within elementary schools? Five focus group interviews were organized with 22 parents from 45 schools all over Iceland.

The main themes of the discussion in the parents focus groups were as follows, (a) dissatisfaction about the information flow between school and homes, (b) homework puts a lot of pressure on the homes, (c) support and resources. Results show that parents were pleased with an individual curriculum, study groups or workshops and educational adjustments to individual needs. Parents, on the other hand, were not as pleased with the information flow and communication between school and home, pressure of homework and limited supply of educational material for children with learning disabilities. Overall results show that parents call for an improved flow of information and communication between schools and homes, more support for children with learning disabilities and a different educational approach.

In the overall conclusion of the research the parents of children with learning disabilities call for trust, respect and improved communication between school and home, increased equality of support and services, quality control concerning support, services and teaching methods and better education materials for children with learning disabilities. This group of children and adolescents are in most danger of wastage from school when they reach college and that can affect their whole lifespan. There is evidence that those who for some reason leave school at college are at more risk of impaired quality of life and are more likely to be dependent on the services of the welfare system.

Keywords: students with learning disabilities, inclusive education, support, communication between schools and homes

ABOUT THE AUTHORS

Ingibjörg Karlsdóttir (ingibjka@landspitali.is) is a social worker in the Department of Child- and Adolescent Psychiatry at the National University Hospital of Iceland. She completed her BA in pedagogy and social work and gained her social work license in 1989. She completed her master's degree in public health from Reykjavík University in 2012. She is the author of the book ADHD og farsæl skólaganga [ADHD and successful schooling] published by the National Centre for Educational Materials in 2013. The author's research focuses on school social work, children with learning and social challenges and the effect of meals and microbiota on mental health.

Sigrun Hardardóttir (sighar@hi.is) is an associate professor in social work in the School of Social Sciences at the University of Iceland. She completed her BA in pedagogy and social work in 1988, gained her social work license in 1989, completed studies in educational and vocational guidance in 1993, and obtained a teaching degree in 1994. She completed her MA in social work in 2005, a doctorate in social work in 2014 and a diploma in teaching studies for higher education in 2017, all from the University of Iceland. In addition, she completed a diploma in clinical supervision from the University of Derby in 2021. The author's research focuses on school social work, psychosocial welfare of students and solutions within the school system.